

Australian Shepherd – ársskýrsla tengiliðar 2019

Ég var kosin sem tengiliður Ástralska fjárhundsins á síðasta ársfundi og gef kost á mér til áframhaldandi setu. Skýrslan í heild sinni er inn á heimasíðu tegundar www.aussiehrfi.is og mun ég ekki telja upp alla hundana en þið sjáið nöfn þeirra í skýrslunni.

Eitt af fyrstu verkefnum tengiliðar var að byrja á að búa til nýja heimasíðu því síðan sem áður var notuð fékkst ekki afhent né þau gögn sem á henni voru.

Tengiliður boðaði vinnudag vegna gerðar nýrrar heimasíðu og kom boði á facebook til allra ræktenda innan tegundar og fleiri sem mögulega gátu aðstoðað við þá vinnu, margir sýndu áhuga en fáir sáu sér fært að mæta. Það eru 3 einstaklingar sem hafa aðstoðað tengilið við gerð heimasíðunnar og handpikkað inn allar þær upplýsingar sem nú þegar eru komnar á síðuna og vill tengiliður nota tækifærið og þakka þeim fyrir óeigingjarnt starf í þágu tegundar.

- Erna Sigríður Ómarsdóttir
- Fanney Þórarinsdóttir
- Maríanna Gunnarsdóttir

Ef fleiri hafa áhuga á eða góða kunnáttu á heimasíðugerð þá tek ég fagnandi á móti öllum og hvet ykkur til að setja ykkur í samband við mig eftir fundinn ef ég hlýt kosningu áfram. Einnig vil ég hvetja eigendur hunda innan tegundar til að senda myndir af hundunum sínum til birtingar á heimasíðunni á tengilið.

Sýningarárangur hjá hundum sem hafa verið sýndir árið 2019 og fleirum eru með sýningarárangur birtann á heimasíðunni, það á enn eftir að færa inn eldri sýningarárangur, það mun taka tíma en mun allt takast að lokum.

12. júní boðaði tengiliður til kynningar og fræðslu um sýningar og félagið í stórum dráttum, það var vel mætt á þann viðburð sem haldinn var í Sólheimakoti og tókst vel til.

- Erna Sigríður Ómarsdóttir fór yfir hvernig sýningar virka
- Þórdís Björg Björgvinsdóttir, dómari talaði um hvað dómari skoðar og hvernig hann vinnur.
- Guðný Isaksen ræddi um hvað félagið hefur upp á að bjóða fyrir félagsmenn o.fl.

Ástralskur fjárhundur tók þátt í báðum Stórhundadögum sem voru í Garðheimum 2019 og er gaman að eigendur sjái sér fært að koma og taka þátt í að kynna okkar frábæru tegund. Takk fyrir það.

Með breyttum persónuverndarlögum eru ekki allir eigendur hunda skráðir með nafni í sýningarskrá og fara nöfn þeirra því ekki inn í sýningarfréttir nema þau komi fram í sýningarskrá. Ef eigandi er ekki skráður í sýningarskrá þá er bara sett inn nafn hunds og ræktandi.

Heildarskráning tegundar. (Fallnir frá og lifandi)

Frá upphafi hafa verið 254 hundar skráðir hjá HRFÍ, 48 hundar eru merktir dauðir en ætla megi að þeir séu fleiri þar sem tilkynningar um andlát hunda berast seint og illa til félagsins eða deildar, árið 2019 voru 3 hundar formlega tilkynntir dauðir

Dagsetning	Hundur	Ættb.nr.
07/10/2019	Thornapple Seduction	IS15812/11
07/10/2019	Víkur Harry Potter	IS17675/12
17/10/2019	Bleuoyal Back To Business	IS19345/14

6 got voru á árinu og fæddust 42 hvolpar frá 6 mismunandi ræktendum

Hundar sem hafa hlotið titla á árinu 2019:

Sótt var um 8 titla á 7 hunda á árinu og hlaut 1 hundur nafnbótina NLM, norðurljósameistari, 3 hundar titilinn ISJCh, íslenskur ungliðameistari, 1 hundur titilinn NORDICCh, norðurlandameistari og 3 hundar titilinn ISCh, íslenskur meistari.

Dagsetning	Hundur	Ættb.nr.	Titill	Heiti
21/02/2019	Axfjarðar Hafalóns Stakkur	IS23371/17	ISJCh	Ísl. ungliðameistari
04/03/2019	Silver Dream Aussie's Zinedine Zidane	IS24638/18	ISJCh	Ísl. ungliðameistari
17/04/2019	Kraftbrewd's Blossi At Heimsenda	IS24920/18	ISCh	Íslenskur meistari
15/07/2019	Östra Greda Guccio Gucci	IS21195/15	NLM	Norðurljósameistari
15/07/2019	Víðigerðis Kristalnýtt	IS25106/18	ISJCh	Ísl. ungliðameistari
17/10/2019	Östra Greda Dragon Piper	IS23700/17	ISCh	Íslenskur meistari
10/12/2019	Alcazar Dream (FCI) Antalya	IS24523/18	NORDICCh	Norðurlandameistari
10/12/2019	Alcazar Dream (FCI) Antalya	IS24523/18	ISCh	Íslenskur meistari

Tveimur niðurstöðum úr mjaðmamyndatökum var skilað inn til HRFÍ

Dagsetning	Hundur	Ættb.nr.	HD/HRFÍ	HD/OFA	HD/SKK(L/R)
14/03/2019	Heimsenda Perlu Festi	IS21234/15	A		A/A
11/09/2019	Víðigerðis Salka Valka	IS23383/17	A1	Excellent	

Augnskoðanir:

14 hundar fóru í augnskoðanir, 12 voru clear og 2 með athugasemd (Iris Coloboma og PHTVL/PHPV)

Dagsetning	Hundur	Ættb.nr.	Gildir til	Niðurst.	Endurk.
21/02/2019	Alcazar Dream (FCI) Antalya	IS24523/18	20/08/2021	Clear	
21/02/2019	Empyrean N Copperidge's The Redder The Better	IS22115/16	20/08/2021	Clear	
21/02/2019	Heimsenda Tindrandi Tár	IS19764/14	20/08/2021	Clear	
22/02/2019	Heimsenda Fellibylur	IS20033/14	21/08/2021	Clear	
22/02/2019	Heimsenda Perlu Festi	IS21234/15	21/08/2021	Clear	
22/02/2019	Nordic Light Des Costys Du Tomberg	IS24649/18	21/08/2021	#7 Iris Coloboma Pávist	6-12mán
22/02/2019	Undralands Take A Chance On Me	IS21961/16	21/08/2021	Clear	
25/05/2019	Stjörnutopps Morningstar	IS23570/17	24/11/2021	Clear	
05/09/2019	Heimsenda Heiti Björn	IS14685/10	04/03/2021	Clear	
05/09/2019	Mangry's Middle For Diddle	IS20110/14	04/03/2021	#2 Pávist, Grad1	
05/09/2019	Northern Black Pearl DeLa Valle D'Eska	IS25395/18	04/03/2021	Clear	
06/09/2019	Víðigerðis Salka Valka	IS23383/17	05/03/2021	Clear	
06/09/2019	Östra Greda Bloody Mary	IS20055/14	05/03/2021	Clear	
06/09/2019	Östra Greda Dragon Piper	IS23700/17	05/03/2021	Clear	

BOB og BOS á árinu

- BOB 4X og BOS 1X Kraftbrewd's Blossi At Heimsenda
- BOB 1X og BOS 3X Alcazar Dream (FCI) Antalya
- BOB 1X Östra Greda Guccio Gucci
- BOS 1X Heimsenda Ljóns Löpp
- BOS 1X Happy Trails Rosette Shimrin At Heimsenda

Stigahæsti hundur tegundar 2019 var Kraftbrewd's Blossi At Heimsenda og var hann stigahæsti hundur innan deildar og var heiðraður á aðventukvöldi deildarinnar fyrir jól.

Alls voru 61 einstakir hundar skráðir á hundasýningar á vegum Hundaræktarfélag Íslands

29 rakkar og 32 tíkur

Skráningar voru samtals 155 árið 2019, 105 fullorðnir og 50 hvolpar

2019		feb	8.jun	9.jun	24.agu	25.agu	nov
Hvolpaflokkur 3-6mán	Rakki		4	4	1	1	2
	Tík		2	2	4	4	2
Hvolpaflokkur 6-9mán	Rakki	1			7	6	1
	Tík	3			2	1	3
Ungliðaflokkur 9-18mán	Rakki	1					4
	Tík	1	2	1	2	1	3
Unghundaflokkur 15-24mán	Rakki	2	1	1	1	1	
	Tík		2	3	3	2	4
Opinn flokkur 15mán+	Rakki	5	3	3	1	1	3
	Tík	8	4	5	3	4	5
Meistaraflokkur	Rakki	2	3	3	3	3	4
	Tík	2	1	1			1
Öldungaflokkur	Rakki				1	1	
	Tík						
SAMTALS		25	22	23	28	25	32

Engar upplýsingar um inn- eða útflutta hunda 2019 hafa borist tengilið.